



Kennari:	Helgi Hermannsson	Sk.st.	HH
-----------------	--------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur undirstöðuatriðin í bridds (bridge). Áherslan er lögð á gang spilsins, þ.e. spilamennskuna sjálfa, en þó verða kenndir grunnþættir sagntækninnar. Stuðst verður við bandaríska sagnkerfið Standard. Helstu hugtök verða kynnt og munu nemendur temja sér notkun þeirra. Mismunandi keppnisform kynnt til sögunnar og útreikningur tengdur þeim. Einnig kynnast nemendur þeim möguleikum sem netið hefur uppá að bjóða til að spila og æfa bridge.

Undanfari: Enginn **Námsefni:** Námsefni frá kennara.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- sagnkerfum og hlutverkum þeirra í bridds
- gangi spilsins
- hvernig samningum er náð
- hvernig úrslit eru reiknuð í bridds
- hugtökum sem tengjast bridge og notkun þeirra
- mismunandi keppnisformum í bridge
- bridge á netinu

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- telja punkta og taka mið af punktafjölda andstæðinga miðað við sagnir þeirra
- velja lokasögn út frá punktafjölda samherja
- að nota sagnkerfið Standard til að safna upplýsingum um spil samherja
- velja skynsamlega spilaaðferð út frá gefnum forsendum

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja grundvallaratriði bridge og nýta þann skilning til að þróa sig áfram.
- setjast við borð með 3 öðrum og spila bridds sér til gamans
- spila bridge á netinu hvort heldur sem er við tölvu eða menn

Námsmat, athugasemdir og skýringar:

Þrjú skrifleg próf gilda 60%

- febr. 1. próf. (Einstaklingspróf) Gildir 20%
- mars 2. próf. (Heimapróf). Gildir 20%
- apríl 3. próf. Hóp eða parapróf. Gildir 20%.
- Þátttaka í bridge á netinu eða eitt kvöld hjá einhverju bridge-félagi Gildir 25%
- Áhugi og ástundum Gildir 15%
- Ekkert lokapróf verður í þessum áfanga.

.....
Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Helgi Hermannsson hhm@fsu.is Hægt er að finna kennara til viðtals í stofu 306b (tölvuþjónustu)